



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur: 1. bekkur

Kennari: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

Netfang: arnam@klaustur.is

Almennt: Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi.

Helstu markmið: Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. vinnulag stærðfræðinnar sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í stærðfræði, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

Helstu markmið stærðfræðikennslu í 1. bekk er að þau kynnist grunninum að stærðfræði. Nemendur æfa sig í að flokka og telja, kynnast formum og mynstrum, læra tölurnar frá 0-20, kynnast plús, mínus og aðferðum til að mælinga.

Hlekkur á aðalnámskra <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-25-staerdfraedi-2024>

Námsgögn: Sproti 1a, Sproti 1b, Sproti æfingahefti, Evolytes, spjaldtölvur. Spil, þrautir, leikir og annað ítarefni verður einnig nýtt í kennslunni.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn: Sproti 1a September	 Flokkun	Innlögn á töflu: Viðfangsefni sýnd á skjá Reiknað á töflu og í námsbækur	Verkfæri og hlutbundin gögn nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum

	Talning		Samræður og tjáning tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir
Október	Form og mynstur	Sjálfstæð vinna í bókum	
Nóvember	Tölurnar 1-3	Samvinna og umræður	
Desember	Tölurnar 4-6	Þrautir	Röðun talna og talnamengi raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð
Vorönn: Sproti 1b		Stærðfræðileikir og -spil. Útikennsla með áherslu á stærðfræði, talning – flokkun o.fl.	Mynstur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs
Janúar	Tölurnar 7 – 10 100 daga hátíð	Hópavinna á fjölbreyttum stöðvum með áherslu á stærðfræði í gegnum leik og gagnvirka kennslu.	Tölfræðikannanir talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja
Febrúar	Mælingar		
Mars	Plús og mínus		
Apríl	Tölurnar 0-20		Táknmál og hugtök notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga
Maí	Form og myndir		Þróun aðferða þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum
			Fjármál notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga

Námsmat:

Skilningur á viðfangsefni, frágangur og vinna í tímum, vinnubækur, óformlegar kannanir (símat)

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.